

SAMVINNAN

XXVII. ÁRGANGUR

RITSTJÓRI
JÓNAS JÓNSSON



REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA
PRENTSMÍÐJAN ACTA

1934

Robert Owen.

Því hefir allajafnan verið haldið fram, að Robert Owen væri upphafsmaður samvinnustefnunnar og oft verið nefndur „faðir“ hennar. Nýjustu rannsóknir á sögu Owens hafa sýnt, að þetta er ekki allskostar rétt. Axel Gjores hefir nýlega skrifað bók, sem byggð er á þeim áreiðanlegustu heimildum, sem til eru um Owen, og bendir þar á, hve fjarri sanni það sé að álíta samvinnustefnuna verk Owens, enda neitaði hann því sjálfur, að hann hefði nokkuð með samvinnufélögin að gera. Það út af fyrir sig hefir heldur enga þýðingu, hver sé upphafsmaður stefnunnar, enda mun það svo með allar stefnur, að þær eiga ekki einn „föður“, heldur eiga þær rót sína að rekja til fjölmargra orsaka í þjóðfélaginu, eins og t. d. fátæktar, óréttis, kúgunar, uppfýndinga o. fl. Verk Owens er heldur í engu ómerkara í sjálfu sér, þótt hann geti ekki með neinum rétti talizt „faðir“ samvinnustefnunnar.

Robert Owen er fæddur í smábænum Newton á Englandi 14. maí 1771. Snemma vakti hann á sér athygli fyrir gáfur, og var hann þegar í barnaskólanum settur sem aðstoðarmaður kennaranna til þess að kenna skólasystkiuum sínum. 10 ára fór hann að heiman til þess að vinna fyrir sér. Fyrst varð hann búðarsveinn í stórrí vefnaðarvöruverzlun, en allar frístundir sínar notaði hann til lesturs. /

Owen lifði á hinum miklu iðnbyltingatímum, þegar uppfýnding gufuvélarinnar gjörbreytti á skömmum tíma flestum iðngreinum. Vefnaðariðnin tók miklum framförum um þessar mundir og þá sérstaklega bómullariðnaður-

inn. Þegar Owen var 19 ára var hann orðinn verksmíðju-eigandi, þó í smáum stíl væri. En fyrirtækið heppnaðist vel og á fyrsta ári græddi hann 300 sterlingspund, sem var mikið fé í þá daga. Hann hafði þó ekki nægilegt fé til þess að stækka fyrirtækið eins fljótt og hann vildi, og féðst því sem framkvæmdastjóri fyrir stórri bómullarverksmíðju. Framkvæmdastjóri þessarar verksmíðju var hann svo þar til hann árið 1800 keypti, ásamt fleirum, bómullarverksmíðju skammt frá Glasgow, í New Lanark, af tengdaföður sínum, og þar með byrjar hið víðfræga umbólastarf hans.

Þegar vélnar að nokkru leyti komu í stað handafisins, álitu atvinnurekendur að vinnan væri nú orðin svo létt að verkamenn gætu unnið miklu lengur en þeir höfðu gert áður og lengdu vinnutímann. Einnig fóru þeir að nota börn til vinnu í verksmíðjunum; þeim þurfti lítið kaup að greiða, en þau gátu þó gert allmikið gagn. Það var því ekki óalgengt að 6—12 ára börn væru látin vinna 14—16 tíma í sólarhring í loftillum, dimnum og óþrifaðum verksmíðjum, og allur aðbúnaður þessara barna var hinn verst, enda urðu þau flest veik og fjöldi dóu í æsku. En samtímis gengu fjölda margir fullorðnir, sem misst höfðu atvinnu við tikomu vélna, atvinnulausir.

Robert Owen var það ljóst hve hættulegt þetta ástand var. Á fundi verksmíðjueiganda í Glasgow 1815, kom Owen fram með tvær merkar tillögur. Önnur var um að skrifa stjórninni að verksmíðjueigendur óskuðu eftir að innflutningstollur á bómull yrði afnuminn, en hin um að banna að láta börn innan 10 ára aldurs vinna í verksmíðjunum. Fyrri tillagan vakti mjög mikla ánægju meðal fundarmanna og var samþykkt í einu hljóði, en þeirri síðari fylgdi enginn. Owen neitaði þá að taka lengur þátt í fundinum, en sagði þeim, að hann ætlaði ekki að gefast upp, þótt hann fengi ekki betri undirtektir hér. Fór hann þá á fund Peels forsætisráðherra og talaði fyrir tillögu sinni. Varð það til þess að Peel lagði lagafrumvarp fyrir Parlamentinu og fól það í sér flestar uppástungur Owens.

Að lögum varð þó ekki frumvarpið fyr en eftir mikla baráttu, þar sem Owen var aðalmaðurinn, 4 árum síðar. Má



Robert Owen.

Það merkilegt heita, að það skuli hafa verið verksmíðju-eigandi, sem fyrstur barðist fyrir vernd verkamanna, og

má því óhætt telja Owen upphafsmann verndarlaga verkamanna.

Verkafólkið, er vann við þá verksmiðju, sem Owen keypti og varð forstjóri fyrir, var hinn verstí skrifill. Óþrifnaður, þjófnður, drykkjuskapur og hverskonar lestir og óregla var þar ríkjandi, og yfirboðara sína hataði það. Owen ásetti sér nú að reyna að bæta þetta fólk. Til þess að koma í veg fyrir þjófnadinn lét hann það ekki sæta þungum hegningum, heldur hafði strangt eftirlit, til þess að koma í veg fyrir að það fengi tækifæri til þess að stela. Hann fækkaði drykkjukránum í þorpinu (allt þorpið tilheyrði verksmiðjunni), tók verzlunina á víninu í sínar hendur og lét skrifa hverja flösku, sem verkamennirnir keyptu, til þess að geta betur litið eftir þeim. Nokkra verkamenn, sem unnu í verksmiðjunni, fékk hann til þess að innprenta trúmennsku og ráðvendni, og benda á hve gott viðmót við félagi þeirra hefði mikla þýðingu fyrir vellíðan þeirra og ánægju. Hann bætti bústaði verkamanna, byggði samkomuhús, þar sem hann sá þeim fyrir góðum skemmtunum, lét kenna þeim, stofnaði fyrir þá bókasafn o. fl. Brátt breyttist álit verkamanna á yfirboðara þeirra, þeim fór að þykja vænt um hann, siðferði verkafólksins gjörbreyttist á fáum árum, og varð það nú eins og allt annað fólk. Allar þessar umbætur kostuðu auðvitað mikið fé, og þegar Owen lét byggja skóla, sem kostaði 3000 pund, mislíkaði félögum hans og gengu úr félagsskapnum. Owen fékk nú nýja meðeigendur, en það fór á sömu leið með þá, að þeim þótti Owen leggja of mikið í sölnurnar fyrir verkamennina og gengu úr félagsskapnum, þrátt fyrir það, að fyrirtækið gekk vel og var rekið með miklum hagnaði.

Owen fór nú að skrifa um verk sitt og fyrirætlanir. Aflaði hann sér með því margra fylgismanna og aðdáenda. Komu nú ennþá nýir menn í verksmiðjutélag hans, og fékk hann nú frjálsari hendur með að vinna að uppeldis- og umbótastarfi sínu. Ákveðið var að allur sá gróði, sem færi yfir 5% færi til uppeldis og kennslustarfs fyrir

verkafólkið og börn þess. Uppeldisstofnun komst nú á fót. Börnin gengu í skólann frá því þau voru 6 ára og til 10 ára aldurs, og ef foreldrarir óskuðu, til 12 ára. Tekin var upp ný kennsluáðferð, hætt var að láta börnin læra utan að, en allt kennt með samtölum og sýnikennslu, einnig voru kenndar líkamsæfingar og dans. Tekinn var og upp skozi þjóðbúningurinn fyrir börnin. Til 10 ára aldurs unnu börnin ekkert í verksmiðjunni, en þá máttu þau byrja, ef foreldrarir óskuðu, en náminu fengu þau að halda áfram í kvöldskóla.

Verzlunina tók nú Owen í sínar hendur og seldi hann verkamönnum vöruna fyrir 25% lægra verð en þeir höfðu þurft að borga fyrir hana í verzlununum. Nokkurn íhlutunarrétt höfðu verkamenn þó ekki um verzlunina og réðu engu um stjórn hennar, það var verksmiðjan sem rak hana.

Þessi uppeldis- og fræðslustarfsemi hjá Owen í Lanark varð brátt fræg um alla Evrópu og streymdu þangað gestir hvaðanæfa. Á 10 árum fékk Owen ekki færri en 20 þúsund gesti, sem komu til þess að skoða þessa stofnunar hans. Meðal gestanna voru ýmsir þekktir uppeldisfræðingar, stjórnarmálamenn og þjóðhöfðingjar. Meðal annara Nikulás I. Rússakeisari, sem varð svo hrifinn af starfi Owens, að hann bauð báðum sonum hans til rússnesku keisarahirðarinnar og Owen sjálfum að flytja til Rússlands með 2 miljónir manna með sér. Það var álitíð að það væri þá 2 miljónum of margt fólk í Bretlandi. Uppeldisstofnun Owens fékk einróma lof hjá gestunum. Meðeigendur hans voru ekki jafnánægðir. Sumum af þeim, sem voru kvekarar, þótti ekki nógu mikil rækt vera lögð við trúna, þótti Owen alltof frjálslyndur í trúmálum, og líkamsæfingarnar og dansinn þótti þeim ósiðlegt og jafnvel skozi þjóðbúningurinn af því að knén voru ber. Til samkomulags við félagi sína gekk Owen inn á að láta hætta að kenna líkamsæfingar og dans og taka upp sálmasöng í stað skotsku þjóðlaganna og til ennþá frekari tryggingor fyrir siðferðinu var drengjum


eldri en 6 ára bannað að bera þjóðbúninginn með berku, eða að öðrum kosti að vera í nærbuxum, sem hyldu kné! Sambúð hans við þessa þröngsýnu kvekara var honum til mikilla erfðleika og varð til þess að hann fór frá verksmíðjunni, en var þá nær sextugur. En miklum breytingum hafði verksmíðjuborpið tekið frá því að Owen kom þar fyrst.

Eftir Napoleonsstríðin gekk hin versta kreppa yfir alla Evrópu. Atvinnuleysið í Englandi var mikið og fátæktin var hræðileg. Parlamentíð útnefndi kreppunefnd, sem átti að koma með tillögur um lausn kreppunnar. Félag voru stofnuð til þess að vinna á móti kreppunni og var Owen kosinn í eina af þessum kreppunefndum. Owen hélt nú fram, að vélanotkunin væri of mikil, annaðhvort þyrfti hún að minnka eða að 2 miljónir manna yrðu að svelta til dauðs, svo að hinir gætu lifað. Hann vildi því takmarka vinnu vélanna og sagði að vélnar ættu að vera mönnunum til aðstoðar, en ekki til þess að taka vinnuna frá þeim. Einnig vildi hann setja á stofn smásameignarríki, þar sem um 1000 manns ynnu sameiginlega að framleiðslunni. Samdi hann ítarlega áætlun um sameignarríki þessi og lét gera af þeim teikningu, sem var hin glæsilegasta.

Til þess að ala upp nýja og betri kynslóð lagði Owen aðaláhærslu á að börnin væru sem minnst með foreldrum sínum til þess að þau lærðu ekki lestina af þeim eldri. Hann gerði því ráð fyrir sérstöku barnaheimili sem tilheyrði þó sameignarríkinu, og þar átti að ala upp börnun frá því þau væru þriggja ára og kenna þeim. Þangað til áttu þau að vera hjá foreldrum sínum, sem höfðu litla íbúð í sambyggingunni, en sameiginlegt mótuneyti átti að vera fyrir allt sameignarríkið. Atvinna fólksins átti að vera jarðyrkja, ávaxtarækt og handið. Konurnar áttu að annast ungbörnin og ávaxtaræktina, en karlmennirnir jarðyrkjuna og iðnaðinn. Með stofnun þessara litlu sameignarríkja sagði hann að væri hægt að veita fjöldu manna atvinnu, þar sem þeir gætu séð sér fyrir lífsviðurværi, við það létta á skattabyrði þeirra efnuðu

og loks væri með þessu hægt að ala upp nýtt og betra fólk. Alla tilhögun hugsaði hann sér svipaða og í New Lanark.

Nefnd sú, er Parlamentíð hafði valið til þess að ráða fram úr kreppunni vildi ekki fallast á þessar tillögur Owens og vildi ekki einu sinni tala við hann um þetta.



Sameignarbyggð Owens.

En Owen lét ekki erfðleika og skilningsleysi annara á sig fá og fékk tvö stórblið, Times og Morning Post, til þess að birta tillögur sínar, og bæði bliðin skrifuðu velviljaðar forustugreinar um tillögurnar. Þær fengu þó heldur daufar undirtektir og þóttu lítt framkvæmanlegar. Owen ferðaðist þá um England og Írland, hélt fyrirlestra um tillögurnar, en varð lítið ágengt.

Um þessar mundir frétti Owen um svipað sameignarríki í Ameríku, eins og hann hugsaði sér. Fór hann því þangað og keypti eina „nýlenduna“ fyrir 30.000 pund. Ryrjaði hana með 200 manns, en fljótlega bættist fleira við svo íbúatalan varð 900. Var þetta fólk af öllum

stéttum og mjög misjafnt. Brátt kom upp óeining innan nýlendunnar og eftir þriggja ára starf uppleystist hún. Owen fór nú aftur til Englands, eftir þessa misheppnuðu tilraun, sem kostaði hann 40 þús. pund eða mestan hluta eigna hans.

Þrátt fyrir þessi mistök og óheppni gafst Owen ekki upp. Atvinnuleysið og eynd fjöldans rak hann enn af stað, til þess að gera nýjar tilraunir til þess að bæta úr vandræðunum.

Owen vildi leggja vinnuna til grundvallar að öllu verðmæti og hélt fram að verð vöru ætti að fara eftir því hve langan tíma hafði tekið að framleiða þær og út á þær var síðan hægt að fá aðrar vörur, sem þar voru á boðstólum, sem einnig voru virtar eftir sömu reglum. Til þess að gera viðskiptin auðveldari voru vinnutíma-seðlar, og voru það einu seðlarnir, sem voru þar teknir gildir. Umsetningin varð mikil í fyrstu, bankinn vakti mikla eftirtekt, og fleiri samskonar bankar voru stofnaðir. Óhug nokkrum sló á auðmennina og iðjuleysingjana í London, sem óttuðust, að vinnan mundi brátt verða eini gjaldgengi verðmælirinn og nokkrir byrjuðu jafnvel að læra eitthvert handverk, til þess að geta lifað þegar vinnutímaseðlarnir væru orðnir einu gjaldgengu peningarnir. Smám saman dofnaði þó yfir viðskiptum banks, en allskonar skran safnaðist fyrir. Eftir tveggja ára starf hætti bankinn störfum og á sömu leið fóru hinir bankarnir, sem stofnaðir voru á sama grundvelli.

Samtímis því sem vinnubankinn var í fullum gangi, boðaði Owen mannvini í Englandi á fund í London, er hófst 1. maí 1835, til þess að ræða um stofnun sameignarríkja í Englandi, með samskonar fyrirkomulagi og það, sem hann hafði gert tillögur um til kreppunefndarinnar. Félag var stofnað til þess að koma þessu í framkvæmd og Owen var kosinn framkvæmdastjóri. Fyrsta verk þess var að kaupa gamalt herrasetur, Queenswood, sem dubbað var upp og gert að sameignarríki. Íbúarnir

voru betur valdir heldur en í amerísku nýlenduna, aðsóknin var mikil, svo úr miklu var að velja. Atvinnan í sameignarríkinu var kornyrkja, ávaxtarækt og iðnaður. Fræðslu- og uppeldisstarfið var með svipuðu fyrirkomulagi og í New Lanark, börnunum voru kennd ýms almennt fræði, líkamsæfingar og söngur. Fólkið var mjög ánægt, sagðist aldrei hafa getað hugsað sér lífið svo yndislegt. Hrifningin var svo mikil að nýtt tímatal var tekið upp og reiknað frá þeim degi, er sameignarríkið hóf starf sitt. Ýmsir erfiðleikar gerðu þó brátt vart við sig. Þrátt fyrir það, að valið hafði verið úr umsækjendahópnum var fólkið ólíkt og átti mjög illa saman. Fátt af því kunni til jarðyrkju, þar eð það var flest úr bæjunum. Útgjöldin urðu meiri en tekjurnar og mismunurinn jókst stöðugt, þar til sameignarríki þetta var leyst upp eftir 6 ára starf.

Eftir upplausn þessa sameignarríkis átti Owen ekki við stofnun fleiri slíkra ríkja, enda var hann þá orðinn félaus og fékk enga til þess að leggja fram fé til nýrra tilrauna. Fór hann þá að gefa sig að ritstörfum og gaf út Book of the New Moral World, þar sem hann lýsir mjög ítarlegar stefnu sinni og starfi. Einnig ferðaðist hann um og hélt fyrirlestra um stefnu sína, sem hann alltaf trúði á, þótt hún mistækist hjá honum í framkvæmdinni. Stofnun ríkisverksmiðjanna í Frakklandi eftir febrúarbyltinguna, vöktu áhugann á ný hjá Owen, og fór hann til París til þess að kynna sér þær. Áhugi hans fyrir umbótamálunum var sá sami allt fram á síðustu stundu. Nokkrum dögum áður en hann dó hélt hann fyrirlestur um leiðir til umbóta á kjörum alþýðunnar, og var þá hátt á níræðisaldri. Fáir umbótamenn munu sem Owen algerlega hafa sleppt að gæta sinna eigin hagsmuna til þess að vinna fyrir hag fjöldans, og fáir munu hafa gert það af jafn óeigingjörnum hvötum og jafnmiklum innleiðingum og trú á málstaðinn og hann.

Þótt Robert Owen geti ekki kallast „faðir“ samvinnustefunnar, er þó áreiðanlegt að hann hafi með til-

raunum sínum, baráttunni fyrir hag þeirra fátæku, frjálslýndi sínu og öllu því ölduróti, sem reis um hann og stefnu hans, undirbúið þann jarðveg sem samvinnufélögin risu úr.

Guðl. Rósinkranz.